ntíðarskipulag Vatnsmýrar kynntar ■ Vinningstillagan er kunnuglegur en um leið sérstæður borgarhluti

gð og ný Reykjavíkurtjörn



ur/Golli
andi. Í
n væri
nnig
r frá
end-
r rætt
standa
ihús.



Tillaga um skipulag í Vatnsmýrinni og á flugvallarsvæðinu

Mýrin í víðu samhengi og Eyjalausn

VERÐLAUNATILLÖGURNAR sjö áttu það sammerkt að vera vel unnar, enda fremstar á meðal 136 innsendra úrlausna. Þær tillögur sem hlutu 15.000 evru verðlaun, eða tæplega 1,5 milljónir króna, voru frá:

Manuel Lodi á Ítalíu, sem setti fram hugmyndir um skiptingu Vatnsmýrar í stóra hluta með mismunandi aðskilin hlutverk. Guðjóni Þór Erlendssyni í London, sem setti fram sterka og heildræna áætlun með nákvæmum reglum um mynstur og formgerð húsa til að tryggja samræmi. Rose Bonner frá Írlandi, sem hannaði net íbúðarbyggðar tengt aðliggjandi svæðum og gatnakerfinu. Belindu Lea Kerry frá Ástralíu, sem sneiddi hjá formum flugbrautanna í tillögum sínum en tók þess í stað rúmmyndir úr nágrannahverfunum. Þetta var talið skapa notalegt og kunnuglegt andrúmsloft í reykvísku samhengi.

2.-3. sæti hollenskt og franskt

Tvær tillögur hlutu 40.000 evrur í verðlaun, eða sem nemur um 3,9 milljónum hvor.

Annars vegar voru það Johanna Irander og Nuno Fontarra frá Hollandi. Þau lögðu til skýra aðgreiningu á opinberum svæðum og einkasvæðum og notuðu mismunandi mynstur byggðareininga til að fá hana fram. Dómnefnd veitti því eftirtekt að þau skoðuðu Vatnsmýri ekki einungis í samspili við borgina heldur einnig í samhengi við norðanverðan Reykjanesskagann, allt frá Keflavík til Esjuróta. Þó þótti hin ráðgerða móða, sem jók á töframátt tillögunnar, óraunhæf.

Hins vegar var það tillaga Jean Pierre Pranlas-Descours frá Frakklandi. Hún byggðist skv. umsögn dómnefndar á skýrri og sveigjanlegri eyjalausn. Eyjunum var ætlað að endurspegla kaflaskiptan vöxt höfuðborgarsvæðisins um leið og þær varðveittu minninguna um flugvöllinn. Þar var gert ráð fyrir grænu belti allt frá miðbæ að Fossvogi og þar með opnu útsýni úr miðju Vatnsmýrar til hafs, en einnig járnbrautarsamgöngum.



Öskjuhlíð, almenningsgarð, menntastofnanir, þjónustu og miðbæ er ekki amaleg.

urborgar," sagði hann. Þá tilkynnti Dagur nýjan starfshóp á vegum borgarráðs sem settur verður saman á næstunni. Honum verður falið það hlutverk að halda utan um skipulagsvinnu í kringum Vatnsmýrina, enda er þar að mörgu að huga.

Samhljómur hjá borgarfulltrúum í minni- og meirihluta

Auðséð var að verk þeirra Massie, Dickson og Keane féll dómnefnd afar vel í geð. Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, sagði framlag þeirra félaga geyma öfluga sýn fyrir alla Reykvíkinga. Það væri raunhæf tillaga að alvöru borgarskipulagi. Í samtali við Morgunblaðið sagði Dagur sig mest hafa undrað að tillagan væri ekki íslensk. Hún væri í miklum samhljómi við skipulagssögu Reykjavíkur og mjög íslensk á allan hátt. Með henni væri hægt að fullgera miðborgina. „Þetta er áreynslulaust framhald af þeirri Reykjavík sem við þekkjum nú þegar," sagði hann.

Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri í Reykjavík, var viðstaddur verðlaunaafhendinguna. Hann gerði góðan róm að hugmyndavinnunni sem var kynnt í gær. En hvernig fannst borgarstjóra verðlaunatillagan? Er sú framtíðarsýn sem þar er kynnt honum að skapi? „Ég ætla að skoða þessar hugmyndir betur, enda hef ég ekki séð afrakstur þessarar vinnu fyrr en nú. Það er svo gríðarlegt magn af frjóum og góðum hugmyndum sett fram í þessari vinnu að ég ætla að taka mér góðan tíma í að kynna mér þær," sagði Ólafur.

Flugvöllur í breyttri mynd ennþá líklegasti kosturinn

Verðlaunatillagan byggist á þeirri forsendu að flugvöllurinn hverfi úr Vatnsmýrinni. Stangast það ekki á við framtíðarsýn Ólafs? „Sú vinna sem þarna er að baki mun nýtast í framtíðarskipulagi hvort sem flugvöllurinn fer eða ekki. Um það er fólk almennt sammála, a.m.k. formaður dómnefndar, Dagur B. Eggertsson, og forveri hans, Hanna Birna Kristjánsdóttir. Það er fráleitt annað en að nýta þessa vinnu eins og hægt er við framtíðarskipulag, sem skýrist betur þegar niðurstaða flugvallarmálsins liggur fyrir. Hún gerir það hins vegar ekki.

Núna eru í gangi rannsóknir sem munu skera úr um hvort hægt verður að finna betra flugvallarstæði fyrir Reykjavík en Vatnsmýrina. Ég hef ekki séð koma fram nein ný rök fyrir því að það finnist betra eða öruggara flugvallarstæði en Vatnsmýrin," sagði hann.

Borgarstjóranum þótti síður en svo óþægilegt að sjá fulltrúa tveggja stærstu flokkanna í borginni ná svo miklum samhljómi í þessu máli „Ég virði bara skoðanir annarra og framtíðarsýn. Það verður svo að koma í ljós hvort hún er framkvæmanleg og möguleg. Það ræðst af niðurstöðum rannsókna á flugvallarstæðum, en ekki á pólitískum ákvörðunum einum saman.

Ákvörðunin um mögulegan flutning flugvallarins hefur ekki verið tekin og verður ekki tekin á næstunni. Aðalatriðið er að fagleg vinnubrögð og almannahagsmunir séu leiðarljós kjörinna fulltrúa. En þegar svona vel og faglega er unnið að hlutunum treysti ég því að við fáum að lokum bestu niðurstöðuna fyrir borgarbúa og almenning allan. Ég tel á þessu stigi málsins líklegast að hún verði sú að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri í breyttri mynd," sagði hann.

Ólafur kvað gott að líta heildrænt á Vatnsmýrina í skipulagsmálum, ekki síst í útjöðrum hennar, þar sem háskóla- og vísindaþorp sé þegar að rísa. „Það er bara til bóta."